

Hverfisráð Eyrarbakka

Fundargerð 31 fundar hverfisráðs Eyrarbakka, 26 október 2021

Þriðjudaginn 26 október kl. 17.00 kom hverfisráð Eyrarbakka saman til fundar í samkomuhúsinu Stað á Eyrarbakka. Fundin sátu Guðmundur Ármann, Sigmar Ólafsson, Esther Helga Guðmundsdóttir, Drífa Pálín Geirs. Vigdís Sigurðardóttir boðaði forföll.

Bæjarfulltrúarnir Eggert Valur Guðmundsson og Brynhildur Jónsdóttir sem boðaði forföll.

1. Skipan hverfisráðs

Magnús Karel Hannesson formaður ráðsins hefur óskað eftir að hætta í ráðinu. Hverfisráð þakkar Magnúsi Karel ánægjulegt og gott samstarf. Samþykkt að varaformaður hverfisráðs Guðmundur Ármann taki við sem formaður ráðsins.

Samþykkt að Drífa Pálín taki við sem varaformaður hverfisráðs. Esther Helga varamaður í hverfisráði tekur sæti sem aðalmaður í ráðinu.

2. Framkvæmdir við Eyrargötu

Lagðar fram teikningar og upplýsingar frá Atla Marel

sviðsstjóra mannvirkja- og umhverfissviðs. Halda á áfram næsta sumar við lagfæringar á Eyrargötu með gerð bílastæða, gangstétta og öðrum lagfæringum. Verður kaflinn frá Olís og að framkvæmdasvæðinu frá 2020 (vestan Óðinshúss) lagfærður.

Hverfisráð fagnar þessum áformun og þeim útfærslum sem lagðar eru til. Minnir ráðið á mikilvægi þess að hugað verði að bekkjum fyrir gangandi vegfarendur við götuna sem og ruslatunnum.

3. Fjárfestingaáætlun 2022, mannvirkja og umhverfissvið, Eyrarbakki

Óskað er eftir ábendingum hverfisráðs er varðar framkvæmdir / verkefni á Eyrarbakka sem rétt er að setja inn á fjárfestingaáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2022.

Hverfisráð vekur athygli á eftirtöldum atriðum;

- Gönguleið á sjóvarnargarði, að gönguleiðin verði löguð þannig að hún verði öruggari og aðgengilegri. Þannig þarf einnig að ákveða aðgengi að göngustígnum sem og frá honum og í fjöru.
- Að botnlangar innan byggðar verði malbikaðir.
- Gónhóll, að svæði Gónhóls verði lagfært og formað með viðeigandi hætti.
- Bryggjan, að yfirborð og aðkoma að bryggjunni verði lagfært. Öryggisbúnaður bættur og að sett verði á bryggjuna borð, bekkir og almenn aðstaða.
- Torgsvæði við kirkju, Rauða húsið og Húsið að hafist verði handa við frágang svæðisins.
- Að gerðar verði nauðsynlegar lagfæringar á húsnæði barnaskólans og það tryggt að nægjanleg aðstaða sé fyrir hendi fyrir alla nemendur skólans strax. Ráðið leggur ríka áherslu á að farið verði í þarfagreiningu

- fyrir nýtt skólahúsnæði á Eyrarbakka.
- Minjamerking, að haldið verði áfram gerð minjamerkinga á Eyrarbakka og þær merkingar lagfærðar og endurnýjaðar þar sem þörf er á.
 - Að „helgunarsvæði“ sveitarfélagsins sem nær frá lóðamörkum í suður og að sjóvarnargarði að þessi opnu svæði verði landmótuð og fái viðeigandi umhirðu.
 - Lóð á horni Álfsstéttar og Eyrargötu, að lóðin verði hönnuð sem útivistarsvæði með gróðri, bekkjum og þess háttar.
 - Fjörustígur milli Eyrarbakka og Stokkseyrar, mikilvægt er að sett verði sem fyrst lýsing við stíginn.

4. Frisbívöllur

Kynnt uppfærð tillaga að frisbívelli sem vera á austan Álfsstéttar í átt að Litla Hrauni. Fram kemur einnig vilji og áhugi sveitafélagsins á að vinna verkefnið í samstarfi við skógræktarfélag Eyrarbakka. Hverfisráð fagnar þessum framkvæmdum og ekki síður væntanlegu samstarfi enda getur það boðið upp á fjölda tækifæra á þessu svæði. Ráðið minnir á að frá sumum brautum vallarins er stutt að Eyrarbakkavegi og því mikilvægt að gæta fyllstu varúðar.

5. Vesturbúðin

Guðmundur Ármann sem er nefndarmaður í Vesturbúðarfélaginu sagði frá þeim framkvæmdum sem unnar voru í sumar, sem og starfi og áherslum félagsins. Hverfisráð fagnar mjög þessu verkefni og styður

framgang þess.

6. Ljósleiðari

Staða netsambands á Eyrarbakka er og hefur verið um langt skeið óboðleg. Bæði hafa Gagnaveitan og Míla lýst yfir vilja sínum á að taka verkefnið föstum tökum, en ekkert gerist. Bæjarfélagið undirritaði viljayfirlýsingu við Gagnaveituna árið 2018 þar sem búið átti að vera að ljósleiðarvæða Eyrarbakka fyrir árslok 2021, ekkert gerist. Hverfisráð gerir þá kröfu á forsvarsmenn bæjarfélagsins að þeir beiti sér af fullum þunga í þessu máli og tryggi það að án tafar verði hafist handar við að ljósleiðaratengja öll heimili á Eyrarbakka.

7. Tjaldsvæði og umgengni um svæðið

Fulltrúar hverfisráðs hafa verið í samskiptum við sveitarfélagið vegna umgengni og ástands svæðisins.

Hverfisráð harmar mjög það ástand og þá stöðu sem er á svæðinu enda á þetta svæði mikla möguleika og gæti auðveldlega verið Eyrarbakka til sóma og skapað samfélaginu tekjur og tækifæri. Hverfisráð hvetur sveitarfélagið til að gera nauðsynlegar breytingar þannig að bætt verði úr þeirri stöðu sem nú er.

8. Lóðir við Eyrargötu nr. 13, 15 og 21

Hverfisráð leggur áherslu á mikilvægi lóðanna við Eyrargötu nr. 13 og 15 (Vatnagarðar) og lóð nr. 21 (Bólstaður). Einnig horfir ráðið til lóðar/svæðis sem er á horni Álfsstéttar og Eyrargötu. Allar þessar lóðir eru

innan Verndarsvæðis í byggð og eru þær afgerandi og mikilvægar er kemur að því að koma inn á Eyrarbakka og sérstaklega inn á svæði sem skilgreint er sem Verndarsvæði í byggð.

Hverfisráð leggur ríka áherslu á að byggingar sem væntanlega munu rísa á umræddum lóðum að þær verði í samhljóm við þá byggð sem verið er að vernda og styðja við. Leggur ráðið einnig til að lóð á horni Álfsstéttar og Eyrargötu verði hönnuð sem útivistarvæði og byggð upp með þeim hætti.

9. Eyrargata 21, umsögn um byggingaáform og byggingaleyfi.

Hverfisráð fagnar því að byggt verði á umræddri lóð.

Lóðin Eyrargata 21 er innan Verndarsvæðis í byggð og er lóðin mjög mikilvæg inn í þeirri götummynd sem verndarsvæðinu er ætlað að vernda og styðja við.

Hverfisráð getur því ekki veitt núverandi tillögu jákvæða umsögn. Ráðið hvetur til þess að lögð verði fram ný tillaga að byggingu á reitnum þar sem hönnun grundvallast á húsagerðum verndarsvæðisins.

Formanni og varaformanni falið að ganga frá fundargerðinni.

Fundi slitið kl. 18.15.

Dífa Rálin Geiro. 

